

Fréttabréf



9. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAÐ // DESEMBER 2011

A close-up, profile shot of a young man with light brown hair and a slight beard, wearing a blue work shirt. He is focused on working on a small object in his hands. The background is a blurred workshop or factory setting with various equipment and other people.

**Vinnustaðaskírteini
Heldrimannaferð
World Skills 2012
Viðtal við Leif í Kistufelli**

Bridge



Spiluð verður hraðsveitarkeppni 24. nóvember og 8. desember. Spilað er í Borgartúni 30 6.hæð. Dagskráin eftir áramót verður auglýst á heimasíðu FIT

Desemberuppbót

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000.

Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember.

Iðnnemar fá greidda desemberuppbót í samræmi við vinnuframlag, þ.e. þurfa ekki að hafa skilað 12 vikum í vinnu á árinu.

Reikniregla fyrir iðnnema og starfsmenn hluta úr ári.

(48.800 + 15.000) kr. 63.800 deilt með 45 - sinnum unnar vikur (líka des.) þá fæst út upphæð á desemberuppbót. Þar sem um er að ræða vinnu hluta úr degi má fara þá leið að deila í kr. 63.800 með 1800 klst. = 35,44 krónur og margfalda þær með tímafjölda starfsmanns í dagvinnu á árinu = desemberuppbót. ATH að reikna með áætlaðan tímafjölda desember.

Desemberuppbót hjá **ríkinu** er kr. 48.800 og sérstakt álag kr. 15.000.

Desemberuppbót hjá **Reykjavíkurborg** er kr. 54.000.

Desemberuppbót hjá öðrum **sveitarfélögum** er kr. 75.500.

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Greiða ber öll gjöld og skatta af desemberuppbót eins og öðrum launum.

Til athugunar allan ársins hring

Áunna desemberuppbót og orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótanna. Sama gildir um öll laun þar með talið orlof.

Fréttabréf FIT
3. tbl. 9. árg. des. 2011


Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: prentun.is



Afslættir

Á heimasíðu FIT er hægt að fara inná tengilinn „afslættir til félagsmanna“. Þar má finna allmörg fyrirtæki sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteininu.

Ný dagbók



Dagbókin fyrir árið 2012 er í vinnslu og verður send út um leið og hún er tilbúin. Bókin er sem fyrr sérhönnuð til að halda utanum tíma-skriptir þannig að félagsmaðurinn geti sjálfur skráð vinnutíma og við hvað er unnið á hverjum degi og síðan borið saman við launaseðil.

Nýtt félagsskírteini 2012

Ný félagsskírteini verða send út fyrir áramót. Nýja skírteinið er eins og þau sem gefin hafa verið út undanfarin ár, harðspjalda plast og vandað að allri gerð. Á skírteininu er sérstakt aðgangsnúmer sem gildir fyrir aðgang viðkomandi að orlofsvef FIT og fyrir þátttöku í könnunum ef um þær verður að ræða á heimasíðunni. Skírteinið ætti alltaf að hafa meðferðis. Með því sanna menn félagsaðild sína á vinnustað eða fundum félagsins sé þess óskað en einnig veitir það aðgang að afsláttarkjörum hjá fjölda verslana.



Út í bláinn

Út í bláinn eru skemmtilegar útivistarferðir sem FIT og Fagfélagið standa að. Um er að ræða skemmtiferðir sem farnar eru síðasta sunnudag í hverjum mánuði frá hausti til vors. Mæting er við Borgartún 30 kl. 13 þar sem tilkynnt er um áfangastaðinn og yfirleitt tekinn léttur og skemmtilegur göngutúr. Síðasta ferðin á vorin er jafnan veglegust og þá mætt fyrr og ekið með rútu eitthvað út í bláinn. (Í vor var farið til Vestmannaeyja) Fylgist með á heimasíðum félagsanna þar sem alltaf getur þurft að hnika til tíma af ófyrirséðum orsökum, svo sem veðri.

Jákvæðar fréttir af vinnu- staðanámi og starfsþjálfun



Um síðustu mánaðamót náðist áfangi sem lengi hefur verið unnið að varðandi vinnustaðanám. Lengi hefur verið þrýst á stjórnvöld um að standa við fyrirheit að efla iðn- og starfsnám. Margir nemar hafa ekki komist í starfsþjálfun að loknu bóknámi til að ljúka námi sínu með fullum réttindum.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að þessu máli í ágætu samstarfi milli ráðuneyta og aðila vinnumarkaðarins. Það starf leiddi til þess að í lok október voru í fyrsta skipti veittir styrkir til vinnustaðanáms og starfsþjálfunar á vinnustað samkvæmt nýrri reglugerð um Vinnustaðanáms- sjóð.

Fimmtíu og sjö milljónum króna var úthlutað til fimmtíu og fjögurra fyrirtækja og stofnana. Öll standast þau kröfur til vinnustaðanáms samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla og hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila á vinnustaðnum. Ríkið greiðir 20.000 krónur á viku fyrir hvern nemanda í allt að 24 vikur.

Þessi lausn tryggir að 174 nemendur úr ýmsum greinum komast í starfsþjálfun á vinnustað nú í haust.

Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að leggja fram 450 milljónir króna til að efla vinnustaðanám á árunum 2012-2014. Undirbúningur að stofnun sjóðs, sem á að mæta kostnaði fyrirtækja af kennslu eða þjálfun nemenda í starfsnámi, er vel á veg kominn og lýkur væntanlega fyrir áramót.

Ástandið í þessum málum hefur verið óviðunandi en misjafnlega slæmt eftir greinum. Óformleg könnun sýnir að 25% nema í húsamálun við Tækniskólann er með samning.

Verst virðist ástandið vera í bílgreinum. Einungis 14% bílgreinanemenda við Borgarholtsskóla eru komnir á samning, samkvæmt óformlegri könnun.

Atvinnulífið hefur hins vegar kvartað undan því að ekki væri nægilegt framboð á fagfólki til starfa í greininni. Þetta útspil Vinnustaðanámssjóðs ætti því að vera kærkomið tækifæri fyrir fyrirtækin til að ráða fólk til starfa og nýta þann mannauð sem bíður eftir að komast á samning í greininni.

Á samdráttartímum er hlutverk ríkisvaldsins ekki síst það að örva atvinnulífið og draga úr atvinnuleysi með opinberum framkvæmdum. Það er nauðsynlegt að ríkisstjórnin sinni því hlutverki og hysji upp um sig buxurnar í þessum málum sem allra fyrst.

Ennþá hefur ekki bólað á umfangsmiklu átaki í viðhaldi á opinberum byggingum sem boðað hafði verið.

SKATTLAGNING LÍFEYRISSPARNAÐAR MUN SKERÐA RÉTTINDI OG AUKA MISRÉTTI

Verkalýðshreyfingin hefur lýst mikilli andstöðu við þær hugmyndir sem koma fram í fjárlagafrumvarpinu um að leggja skatt á séreignarsparnað og við aðrar hugmyndir um skattlagningu lífeyrissjóða. Þar eru á ferð tillögur um alvarlegt innngrip í frjálsa kjarasamninga og brot á því samkomulagi sem stjórnvöld gerðu við stéttarfélögin í aðdraganda gildandi kjarasamninga.

Slík skattlagning mundi þýða að almennu sjóðirnir þyrftu að skerða réttindi sinna félaga.

Ólíkt réttindum á almennum markaði eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna hins vegar tryggð af ríki og sveitarfélögum. Skattlagning lífeyrissparnaðar mun ekki kalla á skerðingu hjá opinberum starfsmönnum heldur einungis þyngja byrðina sem skattgreiðendur bera nú þegar vegna mikils halla á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna.

Skattlagning lífeyrissparnaðar mun þess vegna auka það bil sem nú er á réttindum lífeyrisþega eftir því hvort þeir eiga réttindi í almennum sjóðum eða í sjóðum opinberra starfsmanna.

Þessar hugmyndir ganga þess vegna í þveröfuga átt við það sem ríkisstjórnin lofaði að beita sér fyrir í yfirlýsingu við gerð kjarasamninganna síðastliðið vor.

Láti ríkisstjórnin verða af hugmyndum um að skattleggja lífeyrissparnað er viðkvæmum stöðugleika á almennum vinnumarkaði teflt í mikla tvísýnu nú þegar endurskoðun kjarasamninganna frá því síðastliðið vor er framundan.

Hilmar Harðarson, formaður FIT



Hertar leigureglur fyrir húsið í Florída

Framvísa verður flugmiða.

Eins og allir félagsmenn vita á FIT orlofshús í Kissimmee á Orlandosvæðinu á Florída. Þetta hús er gríðarlega vinsælt um þessar mundir og mikil ásókn í að komast þangað. Það sýnir sig best í því að nú er einungis hægt að leigja 2 vikur í febrúar á næsta ári, allt annað er leigt.

Hingað til hefur ekki verið takmarkað með ákveðnum hætti hversu lengi menn geta leigt húsið í einu en mælst hefur verið til þess að ekki sé dvalið nema um 2 vikur í einu. Þessa óformlegu reglu hafa flestir virt þó auðvitað sé fullur skilningur á því að menn aðlagi leigutímann að flugi. Bagalegt verður þó að teljast að ekki skuli vera beint flug milli Orlando og Íslands nema frá september til maí ár hvert. Það hefur þó ekki leitt til þess að húsið leigist ekki heldur hefur fólk farið til Washington eða New York og flogið þaðan niður á Florída.

Þessar miklu vinsældir á húsinu virðast þó hafa

leitt til þess að upp er kominn orðrómur um að einstaka félagsmenn leigi húsið fyrir vini eða vinnufélaga en fari sjálfir ekki í húsið. Ef þessi orðrómur á við rök að styðjast þá er það þvert á þær hugmyndir sem lágu að baki kaupunum á húsinu. Hugmyndin var að félagsmenn gætu fengið ódýra gistingu á heitum og sólríkum stað og að það væri fyrst og fremst fyrir þá sjálfa og fjölskyldu þeirra, en ekki utanfélagsmenn. Til að tryggja að ekki verði um misnotkun að ræða í framtíðinni hefur verið ákveðið að þegar leigjandi sækir lykil að húsinu á skrifstofuna í Borgartúni 30, verði leigjandi að framvísa flugmiða til USA sem sýni veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þessi framgangsmáti ætti að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli, sé að fara í húsið.

Að lokum skal minnt á að opnað er fyrir leigu á húsinu á Florída í byrjun mars árlega og því verður opnað fyrir árið 2013 fimmtudaginn 1. mars 2012.





Endurbætur á Furulundi 10 á Akureyri

Í vor var ráðist í gríðarlegar endurbætur á íbúðablokkinni sem nokkur stéttarfélög eiga að Furulundi 10 á Akureyri. Frumkostnaðaráætlun var uppá tæpar 50 milljónir sem gerði um tvær og hálfa milljón á íbúð. Helstu breytingar voru að stækka svalir bæði á efri og neðri hæð ásamt því að lengja þak yfir svölunum. Steypt var ný stétt með snjóbræðslukerfi framan við húsið og tröppur fyrir hverja íbúð. Útbúin var ný sorpgeymsla fyrir sorpgáma í stað tunna. Endurnýjaðir voru gluggar og hurðir þar sem þess var þörf og allt húsið málað að utan.

Innan dyra voru settir heitavatnssofnar í stað rafmagnsogna og sameignarrými betrubætt og máluð

Ein og sést á þessari upptalningu var þetta mikil en jafnframt þörf vinna sem þarna var framkvæmd en vinnu er að mestu lokið.

FIT á 2 íbúðir í Furulundi 10 og var ákveðið að taka íbúðirnar í gegn í leiðinni. Skipt var um innréttingar í eldhúsi og báðar íbúðirnar málaðar. Þær hafa því tekið algjörum stakkaskiptum, eins og blokkin öll og eru nú hinar glæsilegustu. Fyrirhugað er að fara í endurbætur á íbúðinni í Furulundi 11 í vor.

Orlofshúsin eru sameign, en þar eru samt allir gestir

Enn og aftur minnum við á að ganga þarf vel um orlofshús og umhverfi þeirra. Eftirfarandi umgengnisreglur gilda í húsum Félags iðn- og tæknigreina og eru félagsmenn beðnir að virða þær. Munið að það er leigjandinn sjálfur sem er alltaf ábyrgur, líka vegna umgengni gesta sinna.

- Leigutími er frá kl. 16 á komudegi til kl. 12 á brottfarardegi.
- Gangið vel um hús og umhverfi. Spillið ekki gróðri.
- Valdið ekki öðrum ónæði meðan á dvöl ykkar stendur.
- Ef eitthvað er í ólagi í húsinu, skemmist eða brotnar meðan á dvöl ykkar stendur þá látið skrifstofu félagsins vita í síma 535 6000, eða á netfangið fit@fit.is.
- Gæludýr eru ekki leyfð, brot geta leitt til lokunar á aðgengi að húsum félagsins.

- Reykingar eru ekki leyfðar í húsinu.
- Við brottför þarf að vera búið að setja hvern hlut á sinn stað.
- Þurrkið af borðum og bekkjum, ryksugið og skúrið gólf.
- Þrífið ísskáp, eldavél, ofn, og örbylgjuofn.
- Takið úr uppþvottavél.
- Þrífið sturtu, klósett og handlaug.
- Þrífið gasgrillið
- Tæmið heita-pottinn og þrífið hann. (þar sem eru rafmagnspottar á þetta ekki við)
- Stillið ofnana á 18 gráður
- Ekki skrúfa fyrir vatnsinntak.
- Setjið lykilinn í lykiboxið og ruglið tölunum.

Góðir gestir, um leið og við þökkum ykkur tillitssemina þá minnum við á að á eftir ykkur koma aðrir gestir, „glögg er gests augað.“

Í ágúst 2010 tók gildi samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Vinnustaðaskírteinum er ætlað að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Fulltrúar á vegum ASÍ og SA annast eftirlitið og hafa þeir m.a. rétt til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekendur og launamenn um vinnustaðaskírteini og upplýsingar um launakjör, og deila upplýsingum með opinberum aðilum eins og ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnun. Sumarið 2011 var farið í sérstakt átak með ríkisskattstjóra sem bar heitið „Leggur þú þitt af mörkum?“. Afrakstur þeirrar vinnu hefur nú verið birtur í skýrslu sem kom út nýlega þar sem sýnt er fram á töluverða svarta atvinnustarfsemi. **Hermann Guðmundsson** fulltrúi hjá FIT, Félagi iðn- og tæknigreina, segir okkur nánar frá vinnustaðaskírteinunum og niðurstöðum skýrslunnar.

Vinnustaðaskírteini - framkvæmd og tilgangur

UM VINNUSTAÐASKÍRTEININ

Af hverju vinnustaðaskírteini?

Upphafið má í rauninni rekja til kröfu Samiðnar, sambands iðnfélaga, um vinnustaðaskírteini þar sem fyrirmyndin er sótt til Noregs. Það er síðan í kjarasamningunum 2008 sem að í rauninni menn ná sátt um að fara þessa leið. Alþingi setti svo lög nr. 42 frá 2010 sem heimila að samtök á vinnumarkaði geti

gert með sér samkomulag um eftirlit og framkvæmd þess. Samkomulag er síðan gert á milli Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins sem tók gildi 15. ágúst 2010 og viðaukasamkomulag frá 5. maí 2011 þar sem fjölgað er í eftirlitsgreinunum. Þetta byrjaði aðallega í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, en gildir nú um starfsmenn á gististöðum, í söluturnum, á veitingahúsum, í kjötiðnaði og bakstri, í bílgreinum, rafiðnaði, mál- og fjöltæknigreinum, veitingastarfsemi, fjarskiptum, upplýsingastarfsemi og öryggisþjónustu. Markmiðið er að þetta muni ná yfir allan vinnumarkaðinn þegar fram líða stundir.

Hvar fá menn þessi skírteini?

Það er atvinnurekandinn sem á að útvega eða útbúa skírteinin, og hann hefur til þess nokkrar leiðir. Í fyrsta lagi getur hann farið inn á vefsíðuna www.skirteini.is þar sem kennt er að búa til þessi skírteini, og hvað þarf að koma fram á skírteinunum. Hins vegar eru nokkrir aðilar sem taka að sér að gera svona skírteini, og geta fyrirtæki haft viðskipti við þá og látið útbúa skírteinin, eins og fram kemur á vefsíðunni.





Hermann Guðmundsson fulltrúi FIT

Hvernig er skráningunni háttað?

Búinn var til sérstakur gagnagrunnur með skráningarkerfi sem skírt var Finnur. Þessi gagnagrunnur er tengdur við þjóðskrá. Við eftirlitsfulltrúarnir erum síðan með síma með g3 tengingu og skráum í gagnagrunninn upplýsingar um fyrirtæki og vinnustað og svo kennitölu og starfsheiti starfsmanns. Allt þetta skráist í rauntíma í Finn. Þannig er skráningin heimild fyrir því að viðkomandi hafi verið að starfa hjá ákveðnu fyrirtæki á ákveðnum vinnustað á ákveðnum tíma.

TIL HAGSBÓTA FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Hvernig eru skírteinin til hagsbóta?

Við teljum að vinnustaðaskírteinin hafi margþættan tilgang. Í fyrsta lagi eru stéttarfélagin að koma þessu á til þess að geta varið kaup og kjör launamanna með betri upplýsingum og heimildum til að grípa inn í



ólöglegan rekstur. Þetta veitir okkur lagalega heimild til að krefjast upplýsinga um launakjör sem ganga frammar launaleynd, til að gæta réttinda launþega, og það gerir okkur hægara um vik. Í öðru lagi hefur þetta áhrif fyrir atvinnurekendur hvað varðar allt eftirlit á vinnumarkaði og jöfn tækifæri fyrirtækja, það er að atvinnurekendur sjálfir sitji við sama borð og menn séu ekki að styttu sér leið fram hjá reglum og komast ódýrara frá verkum með undirboðum sem skaðar fyrirtæki sem að fylgja lögum og reglum að öllu leyti. Síðan eru það samfélagslegu áhrifin. Vinnumálastofnun athugar hvort að þeir sem við erum að skrá á vinnustað séu jafnframt bótáþegar á sama tíma. Það má þó geta þess að það var mjög lítill hópur sem skráður var af okkur á vinnustað en var jafnframt að taka við atvinnuleysisbótum. Síðan eru það áhrifin sem koma fram þegar skattayfirvöld samkeyra þessar upplýsingar og þá er tiltölulega auðvelt að finna ef menn eru í svartri vinnu og ekki er verið að skila af þeim opinberum gjöldum á meðan. Þetta skiptir milljörðum sem þjóðarbúið er að tapa á svartri atvinnustarfsemi.

Hverjir bera ábyrgðina á svartri atvinnustarfsemi? Þegar menn eru staðnir að svartri vinnu þá hefur það löngum verið þannig að viðurlögin hafa bitnað á launþeganum, hann hefur hrökklast úr vinnunni en fyrirtækið yppt öxlum og haldið áfram starfseminni. Það er mjög sérstakt að fyrirtækin geti nánast

athugasemdalaust verið með fólk í vinnu á launum án þess að gefa það upp til skatts og greiða tilskilin gjöld. Það þarf tvo til. Ef enginn atvinnurekandi vildi hafa mann í svartri vinnu þá væri engin svört vinna. Það er ljóst. Það verður enginn atvinnurekandi neyddur til að ráða mann í svarta vinnu. Þannig að ég vil varpa ábyrgðinni að verulegu leyti á fyrirtækin, en ekki eingöngu á þá sem freistast til að fara í svarta vinnu. Ábyrgðin á því að svört vinna skuli vera til er í höndum fyrirtækjanna fyrst og fremst.

Er aukið eftirlit einnig hagur fyrir fyrirtækin og SA? Það er engum til hags að vinnumarkaðurinn sé eftirlitslaus, það þurfa að vera í gildi reglur og þær þarf að halda í heiðri. Fyrirtæki sem standa við allt sitt og fara eftir lögum og reglum, þau mega ekki vera undir í samkeppni við önnur fyrirtæki sem stytta sér leið. Samkeppnismarkaðurinn verður að vera heilbrigður og við teljum að hvað SA varðar þá tryggir svona eftirlit að stærstum hluta að markaðurinn sé heilbrigður ef eftirlitið er virkt. Við teljum að það hafi orðið til mikilla bóta. Málum hefur hlutfallslega fækkað þar sem við erum að finna fólk á bótum. Það er meiri vitund á vinnumarkaði sem leiðir til þess að menn fara síður á svig við reglurnar.

Munu skírteinin einnig votta sérþekkingu viðkomandi starfsmanna?

Með tilkomu staðals fyrir starfsheiti sem á að taka gildi nú um áramótin mun það auðvelda eftirlit og tryggja meiri fagmennsku. Þar koma tvímælalaust inn löggiltar iðngreinar, og eftirlitsmenn og verkkaupi sér þá strax á vinnustaðaskírteini starfsmanns hvort hann er í raun faglærður í því starfi sem hann er að sinna, eða hvort hann er verkamaður að vinna í iðngrein. Við teljum að ef fyrirtæki og einstaklingar sem eru að kaupa fagvinnu geti og eigi að kanna hvort sú menntun er til staðar sem verið er að selja.

ÖFLUGT EFTIRLIT

Hvernig er eftirlitinu háttað?

Eftirlitið hefur verið með ýmsum hætti. Það var að hluta til byrjað áður en að vinnustaðaskírteinin komu

til, þ.e. að fara reglubundið á vinnustaði og fylgjast með starfsemiinni. Það eftirlit hélt áfram og er virkt í dag, þ.e.a.s. iðnfélögin hafa farið saman út, það hafa verið að fara 2-4 fulltrúar út í einu, reglubundið til að heimsækja vinnustaði. SA réðu síðan 2 starfsmenn til starfa sérstaklega í þetta verkefni, og þá jókst eftirlitið mikið af þeirra hálfu. Þeir hafa bæði farið út á vinnustaðina með okkar fulltrúum og einir og sér því við sinnum þessu ekki í 100% starfi. Síðan má nefna það átak sem ASÍ fór í með ríkisskattstjóra og SA, þar sem ASÍ-félögin skiptu sér niður og tóku tímabil hvert fyrir sig og fóru á vinnustaði. Heimsótt voru rúmlega 2000 fyrirtæki og skráðir rúmlega 6000 starfsmenn í sumar. Þessi vinna varð grundvöllur að þeirri skýrslu sem nú er komin út á vegum þessara aðila. Nýlega voru niðurstöðurnar kynntar en þær sýna svarta atvinnustarfsemi upp á um 12%, og athugasemdir voru gerðar við 55% fyrirtækja, sem verður að teljast töluvert mikið.

Hvers konar athugasemdir voru gerðar við starfsemi fyrirtækja?

Þær voru misalvarlegar. Þegar talað er um athugasemdir í 55% tilvika þá er verið að tala um allar athugasemdirnar, bæði stórar og smáar, allt frá því að vera eitthvað lítilræði og upp í það að menn voru að finna heilu fyrirtækin sem ekki var til stafrókum um, hvorki með kennitölu né virðisaukaskattsnúmer, en á fullu með fólk í vinnu. Neðanjarðar fyrirtæki sem lifðu einfaldlega á svartri vinnu frá a til ö. Það var nú það grófasta sem menn fundu, enda kannski ekki hægt að vera grófari.

NÆSTU SKREF

Samstarfið hefur skilað skýrslunni en hvert verður framhaldið?

Það er þegar farið að vinna í því. Það verður haldið áfram að heimsækja fyrirtæki, og í framhaldinu í haust verður jafnframt lögð áhersla á að greina og skrá verktakastarfsemi og þá sérstaklega með tilliti til gerviverktöku. Fyrirtæki og einstaklingar þurfa þá í vafatilvikum að gera grein fyrir starfsbandi sínu, við greiningu á því hvort um gerviverktöku eða hvort um raunverulega verktakastarfsemi sé að ræða. Þess





Hermann Guðmundsson og Kjartan Tómasson í vinnustaðaheimsókn í Kistufelli

vegna er mikilvægt og nauðsynlegt að hafa skattinn með í samstarfinu til að geta krafist upplýsinga sem að þarf til að geta fundið út úr slíkum málum. Skatturinn hefur nú þegar reglur um þetta og lagaheimild til að kalla eftir upplýsingum sem eru viðtækari og meiri en eftirlitsfulltrúarnir geta krafist einir og sér, en það er mjög mikilvægt að geta greint þetta nákvæmlega. Það er líka ljóst af viðbrögðum ríkisskattstjóra í fjölmiðlum að hann virðist hafa fullan hug á að fylgja þessu máli eftir, enda kannski umfangið slíkt að það má furðu sæta að ekki skuli vera búið að greina þetta fyrir löngu síðan og auka eftirlit á vinnumarkaði.

Munu fleiri atvinnugreinar taka upp vinnustaðaskírteini?

Það er stefnt að því af hálfu stéttarfélaganna að starfsmannskírteini verði algild á íslenskum vinnumarkaði í náginni framtíð í raun öllum störfum. Öll stéttarfélög á hverjum tíma eiga að geta gengið að því vísu að fyrirtæki hafi starfsmenn í vinnu sem eru með vinnustaðaskírteini. Það má hugsa sér í framtíðinni, þó það sé ekki komið á enn, að eftirlitsfulltrúarnir verði með skanna sem les skírteinin og sendir upplýsingarnar til allra eftirlitsaðila. Eftirlitið og samkeyrslan á að tryggja eðlilegan vinnumarkað, hvort verið sé að greiða rétt laun, hvort viðkomandi hafi iðnmenntun, og hvort verið sé að skila sköttum og opinberum gjöldum. Þetta mun einnig hjálpa okkur mikið til að hafa eftirlit með erlendu vinnuafl.

Atvinnurekandinn ber þá ábyrgð á að viðkomandi uppfylli menntun varðandi starfsheiti og slíkt.

Hvernig búist þið við að málin þróist í kjölfar skýrslunnar, mun draga úr svartri atvinnustarfsemi?

Það verður spennandi að sjá framhaldið. Ríkisskattstjóri hefur sýnt mikinn vilja til að endurtaka þetta verkefni og þá verður hægt að bera saman og sjá breytingarnar. Það hafa komið upp raddir um að svört atvinnustarfsemi hafi aukist vegna núverandi skattkerfis, ég hef miklar efasmdir um það. Ég tel að svört atvinna hafi alls ekki verið minni og jafnvel töluvert meiri í góðærinu hér í kringum 2005 til 2007. Þá voru mörg dæmi um að erlent vinnuafl var hér að vinna án skráningar. Ástandið þá var síst betra en það er núna. Það að skýrslan sýni að ástandið skuli ekki vera verst á höfuðborgarsvæðinu er ákveðin vísbending um að það hefur dregið úr þessu, þegar aukin harka var sett í eftirlit með kennitöluskráningum og erlendu vinnuafl á sínum tíma dró verulega úr þessu. En vissulega vonast maður til þess að það verði frekari úrbætur og það hvarlar að manni að það þurfi að upplýsa þá sem reka fyrirtækin betur um lög og reglur og um skyldur þeirra á vinnumarkaðinum. Oftar en ekki voru athugasemdir sem gerðar voru vegna van-kunnáttu en ekki vegna þess að vísvitandi hafi verið ætlunin að brjóta reglur.

Ljósmynda- samkeppni

ÚRSLIT Í LJÓSMYNDAKEPPNI FIT LIGGJA NÚ FYRIR. ÞÁTTTAKA VAR FREMUR DRÆM ÞVÍ EINGIS 5 AÐILAR SENDU INN 18 MYNDIR. ALLAR INNSENDAR MYNDIR ER HÆGT AÐ SKOÐA Á HEIMASÍÐU FIT UNDIR MYNDASAFN.

1. verðlaun hlaut Linda Katrín Friðriksdóttir en hún sendi inn skemmtilega mynd af vinkonu sinni sem hún tók í fjörunni á Kjalarnesi. Ekki fylgdi með nafn á myndinni en engu er líkara en tunglið sé orðið að töfrasteini eða einhverju álíka og fannst dómnefndinni við hæfi að kalla myndina „Óskasteininn“ því þarna hitti Linda á óskastund með því að vinna keppnina. Linda fær að launum að velja sér vikudvöl að eigin vali í einhverri



Linda

orlofsíðbúð FIT á Íslandi, utan hins hefðbundna sumarleyfistíma. Að vísu verður hún að bjóða föður sínum því það er hann sem er félagsmaður í FIT og verður því að vera ábyrgðaraðilinn. Til hamingju Linda.

2. verðlaun. Kría við Vífilstaðavatn. Sendandi er Eyjólfur Guðmundsson. Hann fær að launum fría helgardvöl í einhverju af sumarhúsum FIT á Íslandi utan hefðbundins sumarleigu tímabils.

3. verðlaun. Sólsetur. Sendandi er Logi H Guðmundsson. Hann fær að launum fría helgardvöl í einhverju af sumarhúsum FIT á Íslandi utan hefðbundins sumarleigu tímabils.



Nýtt útlit á heimasíðu FIT

Heimasíða FIT hefur fengið nýtt útlit. Vefurinn er hannaður af Erni Smára og þróaður af AP Media í samstarfi við Object. Útlitslyfting vefsins gerir hann bæði nútímalegri og notendavænni.

Aukið hefur verið vægi margmiðlunarefnis. Félagsmenn geta skoðað myndir frá atburðum tengdum FIT á auðveldari hátt en áður. Einnig er komin myndbandaveita þar sem hægt er að skoða myndbönd frá FIT. Útgefið efni svo sem fréttablað FIT hefur einnig verið gert hærra undir höfði og slíkt efni mun koma inn í ríkari mæli.

Fréttir á forsíðu hafa nú aukið vægi, svo félagsmenn sjá auðveldlega hvað FIT er að gera í þeirra þágu. Viðburðadagatali hefur verið bætt á síðuna, þannig að nú geta félagsmenn fylgst með því helsta sem er um að vera hverju sinni. Einnig mun félagið vera í reglulegu sambandi við félagsmenn sína með tölvupósti og láta þá vita af því helsta sem er í gangi hverju sinni.

Efni síðunnar hefur verið yfirfarið og uppfært. Þær breytingar sem meðal annars hafa verið gerðar eru á yfirflokkum og eru nýir flokkar kjaramál, útgefið efni



og sjóðir. Með þessum breytingum er von um að félagsmenn FIT geti á auðveldari hátt nálgast upplýsingar af heimasíðunni.

Kjaramál ná yfir samninga og launataxta. Undir útgefið efni eru fréttir, greinar, fréttabréf, orlofshúsabæklingur og heldrimannaferðir. Sjóðir sundurliðast í sjúkrasjóð, menntasjóð, vinnudeilasjóð og iðgjöld.

Gamla ljósmyndin

Vinnuflokkur hjá Herði og Kjartani 1954. Myndin var tekin á sviðinu í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll.



Standandi frá vinstri: Knútur Magnússon, Hannes Jóhannesson, Guðmundur Jóhannesson, Guðmundur Gunnar Einarsson, Halldór Gíslason, Guðjón Emilsson, Guðmundur Helgason, Ólafur Ragnarsson, Gunnar Sigurjónsson, Gunnar E. Guðmundsson, Atli Elíasson og Reynir Kjartansson. Sitjandi frá vinstri: Haukur Hallgrímsson, Ólafur Jónsson, Kjartan Kjartansson og Hörður Jóhannesson.



Svipmyndir frá félagsfundi í Reykjanesbæ

Svipmyndir frá félagsfundi á Akranesi





Hilmar Harðarson formaður FIT

Félags- og faggreinafundir

Í nóvember hafa verið haldnir 5 félags- og faggreinafundir, þ.e. í Reykjavík, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum og á Selfossi og Akranesi. Á fundunum fjallaði formaður FIT um skýrslu sem unnin var upp úr áttakinu „leggur þú þitt af mörkum“ Miklar og fjöruugar umræður urðu um þetta málefni og ljóst af viðbrögðum fundargesta að það væri löngu tímabært að taka á svartri atvinnustarfsemi. Annar liður sem

var á dagskrá var lífeyrissjóðsmál. Þar höfðu framsögu Kristján Örn Sigurðsson frá Sameinaða lífeyrissjóðnum eða Gylfi Jónasson frá Festu lífeyrissjóði, allt eftir því á hvaða svæði var fundað. Lífeyrismálin brenna á mörgum og höfðu framsögumenn nóg að gera við að svara fyrirspurnum að lokinni framsögu. Ýmis önnur mál voru einnig rædd en fundirnir voru vel sóttir eins og myndirnar sýna.







Hópur heldrimanna í rammgerðasta byrgi á Íslandi

Heldrimannaferð FIT

Heldrimannaferð FIT var farin 24. september. Þátt-taka að þessu sinni var með besta móti þrátt fyrir heldur dapurt veðurútlit. Úr rættist þó og upp úr hádegi skein sólin. Heldrimenn af höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Akranesi lögðu upp frá Borgartúni 30 kl. 10 árdegis suður með sjó þar sem heldrimenn af Suðurnesjum bættust í hópinn.

Haldið var á varnarsvæði Keflavíkurflugvallar undir leiðsögn Guðmundar Péturssonar, sem útvegað hafði hópnum vegabréf því nú skyldi haldið í það allra helgasta undir eftirliti lögreglu. Ekið var um varnarsvæðið og þar margt forvitnilegt fyrir augu. Að lokum var tekið til altaris að hætti heldri manna í einu rammgerðasta byrgi á Íslandi en þar höfðu herpotur NATO aðsetur og eru skýlin 13 talsins sem enn standa á vellinum. Höfðu menn á orði sem unnið höfðu á vellinum í tugi ára að þeir hefðu aldrei komið þarna og hefðu ekki vitað hvar skýlin væru staðsett. Þarna sögðu menn sögur og tóku lagið við undirleik Sveins fararstjóra, Boga Sigurðssonar og fleiri.

Þá var haldið að Garðskagavita nánar tiltekið kaffi Flös og snæddur hádegisverður. Á kaffi Flös gátu menn skoðað merkilegt safn véla og búnaðar til sjóferða frá fyrri tíma. Þá léku Bogi Sigurðsson og Konráð Fjelsteð á harmonikkurnar og fararstjóri stýrði fjöldasöng.

Næst var haldið að Krossmóa í Reykjanesbæ þar sem FIT er með þjónustuskrifstofu. Þar gæddu menn sér á kaffi og rjómapönnukökum. Að hætti Finnboga heitins Eyjólfs sonar var tekið til altaris og harmonikkurnar þandar til hins ýtrasta. Mikil glaðværð og kátína var meðal manna og greinilegt að menn höfðu tekið dagóðan skammt af góða skapinu með sér í ferðina.

Ferðinni lauk við Borgartúnið um kl. 18 og voru menn sammála um að vel hafi til tekist og var Sveini Ingasyni, fararstjóra þökkun röggsöm og góð fararstjórn.



Leifur Eiríksson hefur starfað við bifvélavirkjun í 66 ár, þar af hjá sama fyrirtæki í nær 60 ár. Hann er nú 83 ára og ekki á leið að setjast í helgan stein. Hann segist ætla að vinna svo lengi sem hann getur, en bendir á að ríkisvaldið megi ekki hegna fólki fjárhagslega fyrir að vilja vinna lengur. FIT heimsótti Leif við störf sín hjá Kistufelli.

„Það eru mannréttindi að vinna“

Hvað ertu búinn að vera lengi við störf?
Ég er búinn að vera í þessu í 66 ár frá því ég byrjaði að læra. Ég lærði hjá Hrafni Jónssyni en hann var með verkstæði í Brautarholtinu. Ég byrjaði árið 1946 og tók sveinsprófið árið 1950.

Hefur þú unnið lengi hjá Kistufelli?
Já, frá upphafi fyrirtækisins. Ég er 83 ára og hef verið hér frá stofnun þess 1952, sem sagt í nær 60 ár.

Það kom þá ekki til greina að fara á eftirlaun við 67 ára aldurinn?

Ég vildi það ekki, ég var fullfrískur og hef gaman að minni vinnu. Þegar menn hætta að vinna er viðbúið að þeir verði gamlir fljótt, vegna þess að það er minna fyrir stafni og það þarf að finna eitthvað nýtt áhugaefni. En ég er heppinn, það má segja að mitt áhugamál hafi í gegnum tíðina verið mín vinna og ég hef mjög gaman að þessu ennþá, og því er ég enn að. Svo er félagsskapurinn góður og mikils virði. Ég er að vinna hjá þriðju kynslóðinni í fyrir-



Leifur í hópi samstarfsmanna sinna hjá Kistufelli



Leifur Eiríksson

tækinu og hér er mjög góður andi, þó að tíðarandinn breytist að sjálfsögðu.

Hvaða bíla voruð þið að vinna með um miðja síðustu öld, hefur starfið breyst?

Það voru nú ekki margar tegundir þá, við vorum aðallega í þremur tegundum, Ford, Chevrolet og Dodge, þessum bandarísku. Það var mikið að gera og framboð á varahlutum lítið, enda var allt skammtað. Maður varð að passa hvern einasta bolta sem maður notaði. Við gátum nú samt alltaf reddað öllu en stundum þurftum við að smíða sjálfir hluti í bílanna. Auðvitað hefur starfið og aðferðir breyst með tímanum. Nú eru notaðar tölvur til að bilanagreina, en þær segja samt sem áður alls ekki alla hluti. Þrátt fyrir allt þá hafa ekki orðið neinar stökkbreytingar í bílvélum. Grunnurinn að vél er að miklum hluta eins, en nú er komið meira af rafstýringum og alls konar nemum, sem ég held reyndar að sé ekki alltaf til bóta, því það getur verið dýrt í viðhaldi. Það getur verið heilmikill kostnaður í að skipta út einum nema. Þýsku bifreiðaeigendasamtökin eru nú að biðja bílaframleiðendur að snúa þessari þróun við svo að viðhald bíla verði viðráðanlegra. Hvað varðar nýja orkugjafa þá held ég að þeir eigi enn langt í land, búnaðurinn er þungur og drægnin minni. Það eru helst svokallaðir tvinnbilar sem eru skárri, þá getur vélin keyrt á báðum orkugjöfum.

Er eftirlaunaaldur of lágur í dag?

Ég tel að fólk hefði gott af því að vinna lengur, ef það hefur heilsu til þess. Að vinna er hluti af lífinu. Hins vegar mætti skoða það hvernig búið er að fólki sem vill vinna lengur en hinn hefðbundna eftirlaunaaldur. Það sem er ekki gott við að vinna kominn á þennan aldur eru skattarnir og tekjutengingin. Skattar eru háir og tekjutengingin við konuna mína virkar þannig að það er tekið mikið af henni vegna þess að ég vil vinna lengur, þannig að hún fær lítið sem ekki neitt samkvæmt sínum réttindum. Þetta er mjög óréttlátt og það þarf að breyta þessu. Við höfum ekki viljað skilja á pappír til að konan mín fái það sem henni ber, en eflaust er það eitthvað sem fer í gegnum huga fólks í þessari stöðu. Það á ekki að hegna fólki fyrir að vinna lengur. Það eru mannréttindi að vinna.

Nú hefur áður komið upp erfið staða í þjóðfélaginu, hvernig er ástandið í dag miðað við fyrri tíma?

Það hafa alltaf komið erfiðir tímar, en mér finnst verst núna að sjá atvinnuleysið og vangetuna hjá stjórnvöldum til að taka á því. Kerfið er alltof þungt í vöfum, það eru margir aðilar í stjórnkerfinu að taka sömu ákvörðunina og svo strandar alltaf eitthvað og lítið gerist. Svo eru góðir menn og iðnaðarmenn að yfirgefa landið og leita að betri lífsgæðum og atvinnu annars staðar. Ég sé ekki

betur en að ríkisvaldið nú á dögum sé aðallega í því að leita að sköttum hjá fólki. En ég vona að við náum okkur upp úr þessu eins og við höfum gert áður. En það þarf eitthvað að breytast til þess. Hér virðist vera að fækka fólki ásamt því sem skattar hækka. En það verður að vera fólk á vinnumarkaðinum til að borga skattana. Það þarf að hugsa þetta upp á nýtt.

Er mikið að gera í dag?

Já, bílaflotinn er að eldast á Íslandi í dag, eins og gefur að skilja í þessu árferði, og þá er auðvitað meira að

gera á verkstæðunum. En svo eru fleiri atriði sem þarf að líta til, það er áhyggjuefni hversu götur eru saltaðar mikið hérna á veturna, í raun meira en annars staðar. Þetta fer mjög illa með bílanna okkar. Það ætti frekar að taka harðar á lélegum dekkjum í umferðinni. Það er að mörgu að hyggja.

Ertu búinn að ákveða hve lengi þú ætlar að halda fullri atvinnu?

Nei, ég hef alls ekkert ákveðið um það. Meðan ég hef fulla heilsu og hef gaman að því að vinna, þá verð ég í þessu.

Svipmyndir frá World Skills 2012 í London





Heimsmeistara-keppni iðngreina

FIT SENDI KEPPANDA Í PÍPULÖGNUM, FRÍÐRIK ÓSKARSSON

Heimsmeistarakeppni iðngreina, World Skills var haldin í London í október 2011. Keppnin var ætluð 22 ára og yngri og var þetta í fertugasta og fyrsta skiptið sem keppnin var haldin.

Alls tóku um 1000 keppendur frá 51 landi og úr 46 iðngreinum þátt í keppninni. Frá Íslandi voru þrír verðugir fulltrúar sem áttu það sameiginlegt að hafa skarað framúr í sínum iðngreinum.

Keppnin krafðist mikils undirbúnings og voru íslensku keppendurnir í strangri þjálfun fyrir keppnina hjá þjálfurum sínum. Keppendur voru Friðrik Óskarsson, sem keppti í pípulögnum. Arnar Helgi Ágústsson, sem keppti í rafvirkjun og að lokum Jóhanna Stefnisdóttir, sem keppti í hárgreiðslu.

Þó íslensku keppendurnir hafi ekki unnið til verðlauna þá var reynslan sem þeir hlutu mikil og eykur hún þekkingu þeirra og færni sem gerir þá enn hæfari í sínum störfum í framtíðinni. Meðal greina sem einnig var keppt í voru: múraraiðn, húsgagnasmíði, húsasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, málmsmíði og

málmsuða. Á undanförunum árum hefur áhugi á nema-keppnum aukist hérlandis og nú eru árlega haldin Íslandsmót þar sem nemar reyna með sér í hinum ýmsu greinum. Rétt er að geta þess að þátttakendur höfðu allir unnið til verðlauna á slíku móti hér heima.

Mikill fjöldi gesta heimsótti keppnina og af nálægum svæðum kom mikill fjöldi nemenda sem voru allt frá leikskólabörnum og upp í elstu bekk grunnskóla, ásamt kennurum sínum. Gestirnir fengu góða kynningu á iðngreinunum og máttu spreyta sig í verklegum þáttum greinanna.

Lengi hefur tíðkast að iðnnemar víðsvegar að úr heiminum reyni með sér en Íslendingar hafa verið nokkuð á eftir í þessum efnum. Þetta er í þriðja sinn sem Íslendingar senda keppendur á World Skills en keppnin er haldin annað hvert ár.

Næsta keppni verður haldin í Þýskalandi árið 2013 og er um að gera fyrir nema að setja stefnuna á Íslandsmeistaramótið og hver veit nema að heimsmeistaramótið verði þá innan seilingar.

Afhending sveinsbréfa

Fimmtudaginn 29. september fengu 93 nemar í 7 iðngreinum afhent sveinsbréf í sameiginlegu hófi sveina- og meistarafélaga í bílgreinum og byggingagreinum sem haldin var í Skipholti 70. Flestir luku sveinsprófi í húsasmíði eða 34 talsins, 14 luku prófi í pípulögnum, 13 í málaraíðn, 9 í bifvélavirkjun,

9 í bílamálun, 7 í múraraiðn, 6 í bifreiðasmíði og 1 í húsgagnasmíði.

Í tilefni dagsins héldu Félag iðn- og tæknigreina, Fagfélagið og meistarafélögin nýsveinunum veglegt hóf þar sem kennarar, meistarar, ættingjar og vinir samglöddust með nýsveinunum.



Málarar



Múrarar



Pípulagningamenn



Bífvélavirkjar



Bílamálarar



Bífreiddasmiðir



Ung stúlka útskrifaðist sem húsgagnasmiður



Húsasmiðir

HAUST 2011
SÍMENNTUN Í IÐNAÐI



2647
fagmenn

sækja sér símenntun hjá IÐUNNI
á hverri önn. Ert þú einn af þeim?

NÝ OG
FJÖLBREYTT
NÁMSKEIÐ
Í BOÐI

Kynntu þér framboðið
á www.idan.is



IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is

IÐAN í námi og starfi

IÐAN Á WORLD SKILLS

IÐAN fræðslusetur, sendi 5 dómara á World Skills, heimsmeistaramót iðn- og verkgreina í Lundúnum 5. - 8. október sl. Alls kepptu tæplega þúsund þátttakendur frá 51 landi í 46 greinum. Yfir 200.000 gestir heimsóttu mótið og athygli vakti að sérstök áhersla var lögð á heimsóknir grunnskólabarna á keppnina. Þrír keppendur fóru fyrir Íslands hönd og kepptu í pípulögnum, raflögnum og hársnyrtiiðn.

IÐAN NOTAR WORLD SKILLS TIL AÐ ÞRÓA NÁMSKEIÐ!

Einn þeirra dómara sem fór frá Íslandi á World Skills var Hjörtur Guðnason prentsmiður og formaður sveinsprófsnefndar í prentsmíð. Hjörtur kom heim með upplýsingar um hvaða færni þátttakendur sýndu í keppninni. Það sem kom mest á óvart var hin mikla færni sem 22 ára gamlir þátttakendur sýndu í umbúðahönnun. Hluti keppni þeirra fólst í að hanna umbúðir utan um lítinn grip með umhverfisvænu þema. Kannaðir voru möguleikar á að þróa námskeið í umbúðahönnun sem gæti nýst í símenntun fagmanna og einnig í grunnnámi grafískra miðlara og fór sú vinna í gang strax við heimkomu Hjartar. Þá fengu keppendur og dómarar í hársnyrtiiðn mikilvægar upplýsingar um fyrirkomulag náms í hársnyrtigreinum í Evrópu og sáu hvaða færni mætti hugsanlega bæta í námi í hársnyrtigreinum á Íslandi. World Skills veitir því mikilvægar upplýsingar um hvernig má þróa nám í iðngreinum á Íslandi og hvaða viðmið má setja á færni nemenda miðað við það sem best gerist í heiminum.



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA IÐUNNAR


Rakel Hallgrímsdóttir sér um fyrirtækjafjónustu IÐUNNAR. Hún heimsækir fyrirtæki og stjórnendur þeirra og kynnist þörfum starfsmanna og stjórnenda fyrir símenntun. Meðal þess sem fyrirtækjum býðst er aðstoð við fræðsluáætlanir, þjálfun innan fyrirtækis og náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Tilgangur heimsóknanna er líka sá að vera í nánari tengslum við félagsmenn IÐUNNAR, heyra óskir þeirra hvað varðar sí- og endurmenntun og minna á þau tækifæri sem felast í aðild að IÐUNNI. Rakel hefur farið í fjölmörg fyrirtæki í byggingariðnaði, málmiðnaði, bílgreinum, matvælaíðnaði og prentiðnaði.

RAUNFÆRNIMAT - MÖGULEIKI FYRIR ÓFAGLÆRÐA IÐNAÐARMENN

Ófaglærðir starfsmenn í iðnaði eiga nú raunhæfan möguleika á að fá reynslu sína og færni metna til eininga í iðnnámi. Til þess að fá raunfærnimat þarf að fá viðtal við námsráðgjafa IÐUNNAR sem metur reynslu og færni þátttakanda óháð því hvort hann hefur sótt skóla eða formlegt nám. Þeir sem vilja ljúka námi innritast í framhaldsskóla í þá iðngrein sem þeir starfa í. Raunfærnimat býðst öllum sem eru 25 ára og hafa starfað í 60 mánuði eða meira í iðngrein. Raunfærnimat hefur farið fram í ýmsum iðngreinum svo sem húsasmíði, vélvirkjun, matreiðslu og bílgreinum.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Í viðtali við náms- og starfsráðgjafa er hægt að fara í áhugasviðsgreiningu. Slík greining hjálpar til við náms- og starfsval. Námsráðgjafar bjóða líka upp á fræðslu um nám og störf, sérúrræði fyrir sveinspróf og almenna ráðgjöf um starfsferil og nám.





MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is